

Jóla Áveitan

12 tbl. 8. árgangur. Desember 2014



Skötuveisla í Þjósárveri



Að rammíslenskum sið ætlar Ungmennafélagið Vaka að standa fyrir sinni geysivinsælu skötuveislu í Þjósárveri á Þorláksmessu og hefst borðhald kl 12:00.

Boðið verður upp á gæða skötu ásamt meðlæti og einnig verður saltfiskur á boðstólum fyrir þá sem það kjósa.

Kaffi og konfekt eftir matinn.

Verðinu er stillt í hóf eins og alltaf:

Fullorðnir 2200 kr

Börn 6 – 12 ára 500 kr

Börn yngri frítt

Gestir eru beðnir að athuga að best er að borga með reiðufé það sem posinn er oft hægvirkur þennan dag.

Það er fátt sem jafnast á við það að taka sér smá hvíld frá jólaundirbúningnum og borða góðan mat með vinum og nágroñnum. Vonandi sjáumst við sem flest.

Stjórn Umf Vöku



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Kæru íbúar í Flóahreppi

Í amstri hversdagsins er stundum gott að setjast aðeins niður með það eitt að markmiði að kyrra hugann. Áreitn sem við búum við eru mörg, eins og þarfirnar og viðmiðin sem við viljum uppfylla og standast á öllum sviðum. Mikilvægt er að gleyma því ekki, að til þess að njóta ávaxta erfiðisins þá þurfum við að vera til staðar á hverjum tíma til þess að njóta stundarinnar. Þá þurfum við líka að kunna að stoppa andartak, hlusta og skoða. Hvað er það sem upptekur hugann okkar? Hugsanlega er þar eitthvað sem kemur í veg fyrir að við njótum stundarinnar? Er þar eitthvað sem hægt er að breyta, eða er þar eitthvað sem heldur huganum uppeknum sem við hugsanlega ættum alls ekkert að vera upptekin af af því það á að vera á ábyrgð annarra?

Það er ekki tilviljun að í flestum trúarbrögðum er það tiltekið að merkja skuli sérstaka daga eða stundir til hvíldar. Það að gefa sér tíma til þess að hlaða rafhlöðurnar er ekki síður mikilvægt en að vera virkur við að eyða inneigninni á rafhlöðunum. Við eigum framundan stytstu daga ársins sem þó eru upplýstir af undirbúningi jólaanna með öllu amstrinu sem honum fylgir. Ég ólst upp við það að ekki kæmu jól nema húsið væri hvítþvegið í hólf og gólf. Ágætt útaf fyrir sig en ég hef stundum hugsað til þess hvort þessi síður hafi orðið til vegna þess að í upphafi kyntu foreldrar mínir húsið með olfu og veggirnir hafi því þess vegna verið sótugri en núna.. Lengi vel hamaðist ég við að þrifa eldhúsveggina alltaf fyrir jól, þangað til ég áttaði mig á því að það væri kannski hentugra að gera þetta á öðrum árstíma þegar birtan væri betri. Við viljum halda í gamla síði vegna þess að við eigum góðar minningar sem tengjast þeim. Mörg okkar eru líka dugleg við að bæta við nýjum síðum því að auðvitað erum við forvitin og þráum að láta fjölbreytileikann krydda lífið okkar. Látum það eftir okkur að fækka „óþarfa“ skyldum sem við höfum sjálf komið okkur upp í aðdraganda jólaanna til þess að eiga fleiri gæðastundir með fjölskyldunni okkar. Njótum gleði og samvista við fjölskyldu og vini á hófsaman hátt án þess að vera orðin útkeyrð af undirbúningi. Reynum að fækka áreitunum sem upptaka og keppa um tímann okkar. Búum til gæðastundir í minningabanka fjölskyldunnar. Þær eru dýrmætar. Með ósk um að þið njótið jólaundirbúningsins og eigið gleðileg jól og áramót.

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Kæru sveitungar og aðrir lesendur!

Hjartans þakkir fyrir stuðning ykkar við basar kvenfélaganna sem haldinn var 8. nóvember í Þingborg.

Við renndum blint í sjóinn með hvort einhverjir kæmu, og áttum svo sannarlega ekki von á þessum frábæru viðtökum og miklu sölu.

Það er ykkur að þakka að við getum afhent raunsarlega gjöf til nýju göngudeiildarinnar við HSu en við seldum vörur fyrir um 1.340.000,- kr.

Stuðningur ykkar við kvenfélögin er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja við þar sem þarf.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól, og farsælt komandi ár, þökkum fyrir stuðninginn á liðnum árum.

Komurnar í Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps, Kvenfélagi Hraungerðishrepps og Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Guðsþjónustur í desember

Aðventusamvera í Villingaholtskirkju sunnudaginn 14. desember kl. 16.00. Sr. Kristinn Ágúst sem hefur þjónað okkur í 2 áratugi mun kveðja söfnuðinn. Piparkökur, kaffi og djús í kirkjunni eftir samveruna. Prestur Sr. Axel Árnason Njarðvík.

Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 14. desember kl. 20:30. Sr. Kristinn Ágúst sem hefur þjónað okkur í 2 áratugi mun kveðja söfnuðinn. Prestur Sr. Axel Árnason Njarðvík.

Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju á jóladag 25. desember kl. 11:00. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason

Messað verður á jóladag 25. desember kl. 14:00 í Gaulverjabæjarkirkju.

Hátíðarguðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju á öðrum degi jóla, 26. desember kl. 11:00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík,

Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju á öðrum degi jóla, 26. desember kl. 13:00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

Frá þorrablótsnefnd Villinga í Flóahreppi

Stórkostlegt þorrablót verður haldið í Þjórsárveri laugardagskvöldið 31. janúar á nýju ári. Strákarnir mínir munu halda uppi glensi fram á nótt og Múlakaffi mun sjá um dýrindis veitingar. Ef ykkur langar að hitta skemmtilegt fólk, borða góðan mat, hlæja mikið og dansa fram á nótt þá skuluð þið taka kvöldið frá.

Atburðurinn verður auglýstur nánar síðar.

Með góðri kveðju, skemmtinefndin.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Jólafundur

Jólafundur kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg laugardaginn 6. desember kl. 11:00. Eftir fundarstörf verður hátíðarmatur í boði kvenfélagsins. Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar og eiga notalega samverustund í byrjun aðventunar. Nýir félagar velkomnir.

Jóla- og gjafakort SSK verða til sýnis og sölu en allur ágóði rennur í sjúkrasjóð.

Með bestu kveðju,
Stjórnin



JÓLABALL-JÓLABALL

Jólatrésskemmtun á vegum kvenfélags Hraungerðishrepps verður í Þingborg sunnudaginn 28. desember kl. 14

Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Stefán Þorleifsson sjá um tónlist. Dansað kringum jólatréið og ef kallað verður hátt á jólasveinana koma þeir örugglega og með einhvern glaðning fyrir börnin.

ALLIR VELKOMNIR. Ath. posi á staðnum.

P.s. Félagar munið eftir að taka með ykkur bakkelsi á hlaðborðið.

Kveðja, skemmtinefndin.

Fréttir frá Krakkaborg

Nú er jólamánuðurinn genginn í garð og óhætt að segja að tíminn hreinlega fljúgi áfram. Starfið í Krakkaborg hefur gengið vel í haust, það leggjast allir á eitt að gera sitt besta í þeim aðstæðum sem leikskólinn er í, en óhætt er að segja að bæði starfsfólk, nemendur og foreldrar hlakka mikið til að komast í nýtt og betra húsnæði. Stefnan er að opna leikskólann í Þingborg 1. febrúar n.k. og vonum við svo sannarlega að það gangi eftir.

Það er búið að vera nóg að gera hjá okkur síðustu vikur. Samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla hófst í september. 1. bekkur Flóaskóla kom þá og heimsótti vini sína í leikskólanum og hafa nú börn í elsta árgangi leikskólans farið í tvær heimsóknir í Flóaskóla. Þau eru búin að fá leiðsögn um skólann frá Önnu Gretu skólástjóra og fara í stöðva- og verkefnavinnu með vinum sínum í 1. bekk. Eftir áramót fara þau svo í heimsókn í Flóaskóla 2x í mánuði og munu þá prófa hinar ýmsu námsgreinar, ásamt því að borða í mötuneytinu í Þjórsværi.

Við höldum Dag íslenskrar tungu hátíðlegan þriðjudaginn 18. nóvember sl. í samstarfi við Flóahrepp og Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps. Eldri borgurum í Flóahreppi var þá boðið til kaffisamsætis í Þjórsværi. Leikskólabörn sungu nokkur lög fyrir gesti við góðar undirtektir. Ræðumaður dagsins var Ólafur Sigurjónsson í Forsæti en hann sagði krökkunum sögu um hvernig hann lék sér þegar hann var lítill strákur, sýndi myndir af ólíku veðurfari, dýrum og fuglum. Einnig sýndi hann viðstöddum myndir frá eldgosinu í Holuhrauni. Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps bauð svo upp á dýrindis kaffihlaðborð. Við í Krakkaborg þökkum gestum okkur kærlega fyrir að koma og eiga með okkur skemmtilega stund. Einnig viljum við þakka Ólafi í Forsæti sérstaklega fyrir skemmtilegt og áhugavert erindi.

Föndurdagur fjölskyldunnar var haldinn miðvikudaginn 26. nóvember sl. Þá buðu nemendur Krakkaborgar foreldrum sínum og nánustu fjölskyldu í leikskólann til að föndra, mála piparkökur, hittast og spjalla saman. Buðum við upp á kakó, kaffi, smurt brauð og smákökur sem börnin höfðu sjálf bakað. Í lok dags voru svo jólaljósin kveikt á jólatrénu okkar. Það er óhætt að segja að þröng hafi verið á þingi í leikskólanum þennan dag enda gaman að sjá hversu margir sáu sér fært um að mæta.

Í desember fáum við til okkar leikritið um Grýlu og jólasveinana og höldum við, í samstarfi við foreldrafélagið, jólaball Krakkaborgar 17. desember í Þjórsværi. Við leggjum á það áherslu að halda góðri rútínu í bland við skemmtilegar upptökur og öðruvísi daga. Starfsfólk Krakkaborgar óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir samskipti og samstarf á líðandi ári.

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, aðstoðarleikskólástjóri, Krakkaborg.

Pistillinn

Takk fyrir áskorunina Berglind !

Það hefur dregist að taka áskoruninni þar sem að tíminn gaf mér engan grið til þess að koma þessu mikla verkefni frá mér. Gafst þó snögglega ráðrúm til að pára litilsháttar pistil um hugrenninga mína á blað á milli þess að sinna búi og börnum.

Ég heiti Ragnar Finnur Sigurðsson frá Oddsstöðum í Lundarreykjadal sem er einn af dölunum sem teygja sig upp á fjallendi Borgarfjarðar norðan Skarðsheiðar. Sambýliskona mín er Hrafnhildar Baldursdóttur frá Litla-Ármóti í fyrrum Hraungerðishrepp og eigum við saman tvo drengi unga að árum. Við rekum kúabúið á Litla-Ármóti en höfum aðsetur á Stóra-Ármóti.

Maður er manns gaman og garður er granna sættir en þó vitum við að nággranna kærleikurinn getur farið fyrir ofan garð og neðan á þeim ólgu sjó sem lífið er. Í æsku brýndi öldruð frænka mín fyrir mér hve mikilvægt það væri að að passa upp á fólkið í kringum sig og halda frið við nággranna í lengstu lög. Því að þær deilur sem gætu kviknað við þess konar ósætti væru harðvítugar og ættu þá tilhneigingu til að draga fleiri inn í ófriðinn.

Ekki veit ég hvernig á því stóð að henni var svo umhugað um að halda sátt, en líklegast var það þessi hugsun sem gerði það mögulegt að tvær fjölskyldur gátu lifað í sátt og samlyndi á Oddsstöðum á þeim árum sem tvíbýlt var þar.

Vissulega var á köflum talsverður núningur þannig að þetta er ekki bein og auðrötuð braut.

En hvar er hægt að finna hjálp þegar að hlutirnir eru komnir í óefni og ólíklegt að heilræði aldraðrar frænku dugi til að leysa málin. Mig hefur oft komið þetta til hugar án þess að finna góð svör, þó hefur það hjálpað mér að reyna að setja mig í spor annarra og á þann hátt áttað mig á hinni hliðinni sem í flestum tilfellum er Hrafnhildur kona mín.

Núna hef ég búið í Króknum í tvö og hálf ár, en svo eru þeir bæir nefndir sem tengjast veginum frá Langholtsvegamótum að Stóra-Ármóti. Hér hef ég haft kynni af góðu fólki og það er óhætt að segja aðliti kynni af gm eiga heimreið r sa m yrir utan hana tengdamömmu allir okkar nággrannar hafa reynst okkur vel. Því beini ég þeirri ósk minni að ykkur sveitungar góðir að við reynum eftir fremsta megni að sína hvort öðru kærleika og skilning nú á aðventunni sem ávalt.

Læt fylgja með uppskrift af rjóma kleinum sem eiga ættir sínar að rekja til Jakobínu Jónasdóttur á Hvanneyri, sem allir ættu að prófa.

4 stórir bollar hveiti

2 dl. rjómi

2 tsk. lyftiduft, venjulegt

1 tsk. hjartarsalt
2 egg
vanillusykur
1 bolli stráskykur
2 dl. súrmjólk
1 tsk. matarsódi
2 tsk. þurrger
kardimommudropar
tólg og pönnufeiti til helminga, til að steikja úr

Öllu blandað saman. Hnoðað. Flatt út fremur þykkt. Skorið í 3 cm breiðar lengjur og á ská í 5 cm langa bita. Á miðju hvers bita er gerð rifa og kleinunni snúið við. Raðað á bakka. Feitin hituð í 200°C í potti, gjarnan rafmagnsdjúpsteikingarpotti sem heldur jöfnum hita. (Fitan er heit þegar sýður í kring um eldspýtu.) Kleinurnar steiktar móbrúnar báðum megin. Færðar upp á pappír, sem sýgur í sig fitu.

Ég vil skora á fyrrum sóknaprest minn séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson að koma með næsta pistil. Vona að það eigi eftir að reynast honum gott tækifæri til að kveðja söfnuð sinn, og þá sérstaklega mig og hina tíndu sauðina sem mæta sjaldan til kirkju.

Ragnar Finnur Sigurðsson

Frá Samhygð:

Árgjald Umf. Samhygðar

Félagar eru minntir á að innheimta árgjalds Umf. Samhygðar fyrir árið 2014 stendur yfir. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugrónu Geirsdóttir í netfanginu huggageirs@hotmail.com

Heimsókn á aðfangadag

Fyrir hádegi á aðfangadag verða góðir gestir á ferð á félagssvæði Samhygðar. Þessir kúnstugu sveinar heimsækja krakka í sveitinni og afhenda þeim glaðning sé þess óskað. Þeir sem vilja koma sendingu á sveinana síkátu skulu koma henni til Stefáns í Gerðum fyrir aðfangadag.

Umf. Samhygð óskar félögum og velunnurum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðventustund kvenfélagsins

Opið hús verður hjá Bryndísi í Skálaríma, sunnudagskvöldið 14. desember frá kl. 20.00. Pakkaleikur!!! Allar koma með smá jólapakka.

Munið að koma með meðlætið á kaffiborðið, Bryndís sér um drykkina.

Uppskriftabækurnar til sölu á 1.200,- og 1.500,-, englarnir á 3.300,- og gjafakortin 3 saman á 1.200,-

Mætum nú sem allra flestar og eigum saman notalega stund á aðventu.

Nýjar konur eru sérstaklega boðnar velkomnar.

Kvenfélagskonur og fjölskyldur ykkar: *Guð gefi ykkur gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár. Innilegar þakkir fyrir frábært samstarf á liðnu ári.*

Sólveig, formaður

Aðventuferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Skemmtinefndin boðar til aðventuferðar laugardaginn 6. desember.

Við ætlum að hittast á Selfossi við verslunina Hlöðuna ofarlega á Austurvegi

kl.13:30 og fá okkur göngutúr um Austurvegin. Líta við í hinum ýmsu

verslunum sem á vegi okkar verða og gaman væri að kíkja á stemmninguna á jólatorginu í Sigtúnsgarði.

Gætum jafnvel fengið okkur kaffisopa eða drykk á leiðinni.

Um kl.16 ætlum við svo að hittast í Sveitabúðinni hjá Sóley í Tungu og skoða

fallegar jólavörur og svo munu þau hjónin matreiða fyrir okkur rjúkandi súpu og nýbakaði brauð ásamt kaffi/te og konfekt.

Verð er kr.2.800.- á mann.

Við munum reyna að sameinast í bíla og eiga skemmtilega stund saman. Við reiknum með að dagskrá ljúki hjá okkur um kl. 18.

Vinsamlega staðfestið mætingu í síðasta lagi 3. des. í súpuna svo við getum bókað okkur hjá Sóley.

Sigrún Hrefna sigrunhrefna@gmail.com S: 862-1574

Hallfríður Ósk lyngh@emax.is S: 845-9719

Bestu kveðjur, Sigrún Hrefna, Hallfríður, Lilja, Vala og Hafdís.

Frá Umf. Vöku:

Fréttst hefur...

...að nokkrir sveinar leggi leið sína um gamla Villingaholtshreppinn á aðfangadagsmorgun eins og þeir hafa gert síðustu ár. Þeir áætla að vera komnir í Súluholthverfið um 10 leitið og þræða síðan sveitabæina þaðan og enda á Urriðafossveginum. Stefna þeir að því að vera búnir að heimsækja alla krakka fyrir kl. 12.30.

Hallfríður í Lyngholti hefur tekið að sér enn eitt árið að vera umboðsmaður sveinanna en hún tekur við sendingum fyrir þá auk þess sem hægt verður að koma þeim til skila í Skötuveislunni á Þorláksmessu.

Athugið að á aðfangadag eru sveinarnir orðnir ansi spenntir fyrir jólonum og annars hugar. Það er því mikilvægt að allir þeir sem óska eftir sveinunum góðu panti slíka heimsókn hjá umboðsmanninum, hún hefur lag á þeim og sér til þess að þeir rati á rétta staði J

Aðalfundur Umf. Vöku 4. janúar

Sunnudagskvöldið 4. janúar kl 20:30 verður aðalfundur Umf. Vöku haldinn í Þjórsárveri. A fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Setning fundar og kjör fundarstarfsmanna
2. Inntaka nýrra félaga
3. Fundargerð síðasta aðalfundar
4. Skýrsla stjórnar og reikningar
5. Kosningar
6. Fundarhlé
7. Verðlaunaafhending
8. Framtíð félagsins
9. Önnur mál
10. Fundarslit

Veitingar í boði félagsins og vonandi mæta sem allra flestir.

Þrettándagleði Umf. Vöku

Hin árlega Þrettándagleði Umf. Vöku verður haldin þriðjudagskvöldið 6. janúar n.k. og hefst skemmtunin stundvíslega kl 20:00. Gleðin hefst á leikdagskrá úr smiðju ungmennafélaga, því næst verður flugeldum skotið á loft og loks verður spilað bingó. Aðgangseyrir er sem hér segir:

Fullorðnir 800 kr

Börn 7-12 ára 500 kr

Börn yngri frítt

Með von um að sem flestir komi og kveðji jólin með okkur í góðum gír .

Skemmtinefnd Umf. Vöku

Árgjald Umf. Vöku

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf Vöku fyrir árið 2014. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 1000 kr í ár. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri Umf Vöku

Jólaþak frá Umf. Vöku

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku óskar öllum félagsmönnum, sveitungum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg samskipti og samstarf á líðandi ári.

Hryssu vantar

Rauð 5 vetra hryssa skilaði sér ekki af Miklavatnsmýri í haust.

Hryssan er frostmerkt á vinstri síðu **Z 9**. Þeir sem hafa upplýsingar um hvar hryssan er niðurkomin eru beðnir að hafa samband við Hilmar í Hamarshjáleigu í síma 4863364 eða 8695430.

Frá Villingaholtskirkju

Mánudaginn 10. nóvember var haldinn fundur í sóknarnefnd Villingaholtssóknar, þar sem mættu sóknarnefnd, varamenn og sr. Þorvaldur Karl Helgason.

Efni fundarins var afsögn formanns sóknarnefndar, Önnu Fíu Ólafsdóttur vegna flutnings úr Flóahreppi.

Niðurstaða fundarins varð sú að fram til aðalsafnaðarfundar árið 2015 mun Sólveig Þórðardóttir, gjaldkeri sinna formennsku, jafnframt því að hjálpa fólki að velja grafarstæði þegar þörf er á, bóka athafnir í kirkju og sjá um lýsingu í garði. Þórunn Kristjánsdóttir ritari mun sjá um þrif og upphitun kirkju, Albert Sigurjónsson mun sjá um mælingar í kirkjugarði og Kristín Stefánsdóttir sjá um að flagga við athafnir,

Kveikt verður á aðventulýsingu í kirkjugarði eigi síðar en laugardaginn 29. nóvember.

Hafa má samband við formann/gjaldkera á netfangið skufslaekur2@gmail.com og í síma 869 6534 og 482 2553.

Fress gefins

Tæplega ársgamall svartur fressköttur fæst gefins hjá Stefáni í Gerðum. Kötturinn er bæði mannelstur og mússækinn. Áhugasamir hafi samband í síma 8676907.

Hjónaball

Hjónaballsnefnd gamla Gaulverja hefir ákveðið að Hjónaballið verði í Félagslundum hinn 7. febrúar 2015 - sem margir vilja frekar kalla Þorabrúttur Gaulverja en við höldum í gamlar hefðir og notum gamla nafnið - . Nefndin ætlar svo að sjá um að fólki leiðist ekki eftir að hafa étið hrútsþunga svið og hangikjöt og annað nýrra fóður og mun fyrrnefnd nefnd reyna að hafa eitthvð sem gleður sálina þar á eftir. Labbi hinn snjalli gítarþenjari mun þá taka við og þenja gítarinn fram eftir nóttu svo sem menn orka. Nánar í næstu Áveitu.

Íþróttafréttir

Silfurleikar ÍR fóru fram 15. nóvember síðastliðinn í Laugardalshöll. Keppnislið Þjótanda átti þar þrjá keppendur sem stóðu sig allir vel. Árangur þeirra var eftirfarandi:

Unnsteinn Reynisson	2003	Kúluvarp (2 kg)	7,05m	10. sæti
		60m hlaup	10,44sek	22. sæti
		Hástökk	1,08m	21. sæti
		Þrístökk	6,79m	20. sæti
Dagur Fannar Einarsson	2002	600m hlaup	1:54,60 mín	3. sæti
		60m hlaup	9,02 sek	7. sæti
		Kúluvarp (3 kg)	7,68 m	6. sæti
		Þrístökk	8,43m	10.-11. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	2000	Kúluvarp (4kg)	11,64	1. sæti
		60m hlaup	8,66 sek	9. sæti
		Hástökk	1,42 m	6. sæti
		Þrístökk	9,26m	6. sæti

Í síðasta tölublaði Áveitunnar birtust úrslit frá frjálsíþróttamótinu Inni -Gaflarinn. Árangur Stefáns Narfa Bjarnasonar í kúluvarpi datt því miður út af blaðsíðunni og birtist hann því hér.

Stefán Narfi Bjarnason	2000	Kúluvarp (4kg)	10,76 m	1. sæti
------------------------	------	----------------	---------	---------

Frá Umf. Baldri:

Þorláksmessuheimsókn

Líkt og venja er á Þorláksmessu munu skrítnir karlar verða á ferð um Hraungerðishreppinn. Ætla þeir að vera á ferðinni milli klukkan 11 og 16, byrjað verður austast í sveitinni og þaðan haldið vestur þjóðveg 1 í átt að Selfossi og verður endað á að fara upp Langholtsveg og svo niður Reykjaveg. Þeir sem vilja lauma einhverju til þessara sveina er bent á að hafa samband við umboðsmann þeirra, Baldur Gauta í síma 867-3538 fyrir Þorláksmessu um nánari tilhögun þess.

Kvenfélagið og Umf. Baldur

Aðalfundur og þrettándagleði

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn á fyrstu dögum ársins 2015. Verður auglýstur síðar með sérstöku aðalfundarboði

Þá má reikna með því að haldin verði þrettándagleði að venju til að kveðja jólin. Einnig nánar auglýst síðar.

Umf. Baldur

Þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps

Minnt er á að hið sívinsæla þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 7. febrúar 2015. Hljómsveitin Vírus hefur verið ráðin til að leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni þorablótsdagskrá.

Nánar auglýst þegar nær dregur að venju. En takið kvöldið frá, byrjið að æfa dansanna og kitla hláturtaugarnar því af þessu vill engin missa.

Umf. Baldur óskar öllum félögum og öðrum velunnurum nær og fjær, sem og öllum lesendum Áveitunnar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.

Get bætt við mig hestum í tamningu og þjálfun.

Tek einnig að mér járnningar.

Upplýsingar í síma 8995570 eða 5881574.

Victor Victorsson, Skyggnisholti.

Glímufréttir

Úrslit af mótum

Þjótandi átti þrjá keppendur í fyrstu umferð meistaramótaraðar GLÍ sem fór fram í Dalabúð í Búðardal 15. nóvember. Árangur þeirra varð eftirfarandi:

Konur -65 kg (3 keppendur)

2. Guðrún Inga Helgadóttir 1,5 + 0 vinningar.

Konur +65 kg (4 keppendur)

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 3 v.

4. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0 v.

Konur opinn flokkur (5 keppendur)

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 4 v.

4.-5. Guðrún Inga Helgadóttir 0,5 v.

4.-5. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0,5 v.

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram fimmtudaginn 20. nóvember á Laugalandi í Holtum. Þjótandi átti þar fjóra keppendur sem stóðu sig með þryði.

Karlar (3 keppendur)

2. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 v.

Konur (3 keppendur)

Guðrún Inga Helgadóttir gekk úr keppni sökum meiðsla.

Strákar 11 ára (3 keppendur)

3. Unnsteinn Reynisson 0 v.

Strákar 10 ára og yngri (7 keppendur)

3.-4. Sæþór Atlason 3 v.

Jólamót Þjótanda og Bikarglíma Samhygðar

Á síðustu æfingum fyrir jól fer fram létt mót fyrir bæði yngri og eldri iðkendur. Mánudaginn 15. desember fer fram Jólamót Þjótanda á æfingatíma í Þjórsárveri. Allir fá viðurkenningu fyrir þátttöku og foreldrum sem öðrum er velkomið að fylgjast með. Bikarglíma Samhygðar verður síðan glímd á æfingatíma fimmtudagskvöldið 18. desember en þar keppa eldri iðkendur.

Aðalfundur Glímuráðs

Glímuráð HSK hélt aðalfund sinn í Selinu á Selfossi 8. nóvember. Þar voru lagðar línurnar fyrir starfið framundan hjá glímufólki HSK, skipulögð mót og skólakynningar, rædd búningamál og beltakaup svo eitthvað sé nefnt. Þau tíðindu urðu að Guðrún Inga Helgadóttir Umf. Vöku var kosin varformaður og ritari fyrst kvenna en hún hafði áður verið í varastjórn. Stefán Geirsson Umf. Samhygð var endurkjörin formaður ráðsins.

Skákfréttir

Á miðvikudögum eru skákæfingar fyrir 1-4 bekk kl.12:30-14 en fyrir 5. bekk og eldri kl.14-15. Um 10 börn eru í yngri hópnum en 4 í þeim eldri.

Í yngri hópnum höfum við einbeitt okkur að mannganginum, grundvallaratriðum í byrjunum og svo því að máta.

Í eldri hópnum höfum við fjallað um gaffla, fráskák, byrjanir, peðsendatöfl og margt fleira.

Laugardaginn 22. nóvember síðastliðinn tóku nokkrir krakkar úr Flóaskóla þátt í opna Rangæingamótinu fyrir 16 ára og yngri, sem fram fór á Hellu.

Í hóp 9 ára og yngri voru 11 keppendur og þar náðist þessi árangur:

Sigurjón Reynisson - 5. sæti með 3 vinninga.

Daði Kolviður Einarsson - 5. sæti með 3 vinninga.

Guðbergur Davíð Ágústsson - 9. sæti með 2 vinninga.

Í hóp 10-12 ára voru 8 keppendur og þar náðist þessi árangur:

Sigurjón Óli Ágústsson - 5. sæti með 3 vinninga.

Dagur Fannar Einarsson - 6. sæti með 2 vinninga.

Mótið fór vel fram og krakkanir voru áhugasöm.

Framundan er að halda skólaskákmót Flóaskóla (dagsetning í vinnslu). Stefnt er að HSK móti grunnskólabarna á nýju ári (sennilega á Hellu í febrúar) og að halda aftur páskaeggjamót um næstu páska á vegum Þjótanda í Þjósárverri.

Núna um hátíðirnar er kjörið að hafa skákborð uppi við og grípa í skák.

Bestu kveðjur um góða aðventu, Ágúst Valgarð Ólafsson

Jólaopnun á Gler- og keramik verkstæði Fanndísar Gamla mjólkurhúsinu á Brúnastöðum

6-7. des kl 10-18
13-14. des. kl. 10-18
15-19. des. kl. 18-22
20-21. des. kl. 10-18
22. des. kl. 10-20
23. des. kl. 10-22

**Athygli er vakinn á því að þessa opnunardaga er 20%
afsláttur af vörum**

www.fanndis.com

[https://www.facebook.com/pages/Fannd%C3%ADs/145769287327?](https://www.facebook.com/pages/Fannd%C3%ADs/145769287327?ref=hl)
[ref=hl](#)

Námskeið í Þjóðbúningasaumi

Fyrirhugað er námskeið í þjóðbúningasaumi í uppsveitum Árnessýslu á vorönn. Námskeiðið verður haldið á fjórum helgum frá febrúar til apríl og verður haldið í Reykholti eða Flúðum. Kennit er föstudagskvöld frá kl. 18-21 og laugardag frá kl. 12-17, dagsetningar koma síðar.

Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar upphlut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér svuntu eða blússu.

Námskeiðsgjald er kr. 135.000 og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað.

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði.

Kynningarfundur verður haldinn 10. janúar og verður nánar auglýstur síðar.

Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu netfang: ellajona@ellajona.net eða í sími: 8936423



Annríki
Þjóðbúningar og skart

Ísl. þjóðbúningi 2010 ísl. þjóðbúningi 2010. FANNDÍS 6004210
Þjóðbúningaverkstæði - Gler- og keramikverkstæði

Jólaball

Kvenfélög Gaulverjarbæjar- og Villingaholtshrepps halda sameiginlega jólatrésskemmtun í Félagslundi mánudaginn 29. desember klukkan 14:00. Dagskrá verður með svipuðu sniði og undanfarin ár og eru gestir beðnir um að koma með bakkelsi á sameiginlegt kökuhlaðborð. Boðið verður upp á gos, kaffi og te og fá börnin glaðning frá jólasveininum.

Aðgangseyrir er 500 kr fyrir alla eldri en 6 ára.

Um kvöldið, klukkan 20:30, verður spiluð félagsvist í Félagslundi um veglega vinninga. Jólakveðja til allra sveitunga

Kvenfélagin

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri	4. desember
Aðventuferð Kvenfélags Villingholtshrepps	6. desember
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	6. desember
Glímuæfing yngri	8. desember
Æfing eldri í Þingborg	9. desember
Glímuæfing eldri	11. desember
Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	14. desember
Aðventusamvera í Villingaholtskirkju	14. desember
Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju	14. desember
Jólamót Þjótanda í glímu	15. desember
Æfing eldri í Þingborg	16. desember
Bikarglíma Samhygðar	18. desember
Skötuveisla í Þjórsárveri	23. desember
Þorláksmessuheimsókn í Hraungerðishreppi	23. desember
Jólasveinar á ferð í Villingaholtshreppi	24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	25. desember
Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	26. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	26. desember
Jólaball í Þingborg	28. desember
Jólaball og spilakvöld í Félagslundi	29. desember
Aðalfundur Umf. Vöku	4. janúar
Þrettándagleði Umf. Vöku	6. janúar



Áveitan sendir lesendum sínum bestu jóla- og nýjárskeveðjur, með þökk fyrir árið sem er að líða.